

Hverfisnefnd Oddeyrar

22. fundur

Hverfisnefnd Oddeyrar kom saman til fundar í matsal Oddeyrarskóla þriðjudaginn 31. ágúst 2004 og hófst fundur kl. 20.00.

Mætt voru: Hjalti Jóhannesson, Jón Einar Jóhannesson, Jón Ingi Cesarsson, Sólveig Jóhannsdóttir og Hallgrímur Skaptason.

Breytingar á deiliskipulagi vöruhafnarsvæðis- frumdrög.

- Bjarna Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi sendi Hverfisnefndinni frumdrög að breytingum á deiliskipulagi vöruhafnar sem voru kynnt í umhverfisráði 25. ágúst s.l. að beiðni umhverfisráðs.

Þar kemur fram að „Ráðið heimilaði áframhaldandi vinnu við deiliskipulagið á grundvelli þessara frumdraga, en það voru einkum breytingar á vægi Hjalteyrargötu og Laufásgötu sem ákveðið var að vinna nánar með. Ekki hefur verið tekin afstaða á þessu stigi til skiptingar lóða á vöruhafnarsvæði fyrir flutningafyrirtækin en það mál bíður nánari útfærslu og ákvörðunar um staðsetningu þeirra í bænum þar sem sýnt er að sjóflutningar verða lagðir af í lok ársins og fyrri forsendur um staðsetningu þessara fyrirtækja á hafnarsvæði þar af leiðandi breyttar.“

Nefndin kynnti sér tillöguna og finnst hún í anda hugmynda sem fram komu á stofnfundi hverfisnefndarinnar þar sem umferðarþunginn er fluttur af Hjalteyrargötu þ.e. frá íbúðabyggð .

Huga þarf þó að betri eða nánari útfærslu á gatnamótum Hjalteyrargötu og Laufásgötu með hliðsjón að núverandi innkeyrslu Hagkaupa, þar sem þetta verður meginleið íbúa í og úr hverfinu.

Þá gæti nefndin séð fyrir sér að skammtímabílastæði fyrir stóra bíla gætu verið meðfram hluta vesturkants Hjalteyrargötu, þó ekki nyrst þar sem þarf að gæta að fjarlægð frá íbúðabyggð.

Einnig mætti vel hugsa sér að reitur 602 sem merktur er sem grænt svæði hentaði undir þjónustufyrirtæki, með þeim fyrirvara að meiri rækt yrði lögð við núverandi græn útivistarsvæði vestan Hjalteyrargötu.

Þá líkar nefndinni vel að aðgengi að strandlengju um fyrirhugað umferðar og þjónustusvæði meðfram sjónum verði aukið þannig að íbúar bæjarins eigi þar greiða leið um, og hvetur bæjaryfirvöld til að hafa færanlegar öryggisgirðingar vegna millilandasiglinga þar sem því verður við komið.

Þrátt fyrir að ekki sé verið að taka afstöðu til skiptingar lóða á vöruhafnarsvæði fyrir flutningafyrirtækin með þessari tillögu vill nefndin þó koma með þá tillögu að landflutningafyrirtæki séu ekki að taka upp lóðir á hafnarsvæði heldur hafa þær til síðari nota fyrir hafnsækna starfsemi eða íbúðabyggð þ.e. svonefnd bryggjuhverfi sem nú njóta víða mikilla vinsælda

Þá áskilur nefndin sér rétt til að gera athugasemdir þegar formleg tillaga er komin fram..
- Sparkvöllur við Oddeyrarskóla**

Hjalti formaður nefndarinnar ætlar í samvinnu við foreldrafélag Oddeyrarskóla að rita bæjarráði bréf og fá upplýsingar varðandi fjármögnun sparkvallar við Oddeyrarskóla.

Fleira ekki gert,
Sólveig Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.